

1870.
12. marz. ingu eptir dómi eða úrskurði, nè heldur um kæruskjöl embættis-
manna eða sýslunarmanna um yfirboðara sína.

Eptir þessu eiga allir hlutaðeigendur sèr þegnlega að hegða.

14. marz. **28. Bréf dómsmálastjórnarinnar til dýralæknis Snorra
Jónssonar, um ferðakostnað handa honum til
heimfarar.**

Eptir að þér hafið aflokið námi yðar við dýralækna- og land-
búnaðar-skólann, og fengið þartil styrk af opinberum sjóði, hafið
þér borið upp fyrirspurn um það, hvernig stjórnarráðið ætlist til
að nota yður til dýralækninga á Íslandi, og sent hingað bænars-
skrá þess efnis, að þér verðið sendur til Íslands til að rannsaka
fjársýki, sem bryddi á í fyrra, eða að öðrum kosti, ef ekki þykir
naðsýn til þess, að yður verði veittur 150 rd. styrkur í ferða-
kostnað til heimferðar til Íslands, til þess að fara á fund stipt-
amtmanns og bjóðast til að þjóna sem dýralæknir, og biðið þér
um meðmælingu hjá stjórnarráðinu til stiptamtmanns í því skyni.

Útaf þessu skal þess getið, að þann styrk, sem yður hefir
verið veittur hær til þess að nema dýralæknisfræði, verður að
skoða sem viðbót við það fê, sem yður hefir verið veitt í þessu
skyni af hlutaðeiganda jafnaðarsjóði; en hver sá, sem fær slíkan
styrk, er að afloknu prófi, samkvæmt bræfi stjórnarráðsins 23. jan-
úar 1858¹, skyldugur til að setjast að sem dýralæknir í því um-
dæmi, er hann hefir þegið styrkinn af. Því er yður hærmeð til
vitundar gefið, að eigi þykir vera næg ástæða til að senda dýra-
lækni til Íslands, til að rannsaka fjársýki þá, sem fyr var nefnd,
og það því síður, sem stjórnarráðinu er ekki kunnugt, hvort
hún gangi þar enn yfir. Samt sem áður hefir stjórnarráðið, eptir
sem ástatt er, veitt yður 100 rd. í ferðakostnað til Íslands, til
þess að þér bjóðið yður fram við stiptamtmann til að rannsaka
fjársýkina og hafa við lækningar, ef við þarf. Skal því við bætt,

¹) Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands I., 206.

að stjórnarráðið hefir skrifað stiptamtmanni um þetta¹, og lagt drög fyrir, að þessir 100 rd. verði útborgaðir yður úr ríkisfæhirlunni hér í borginni.

1870.
14. marz.

29. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um dýralækni.

14. marz.

Dýralæknir Snorri Jónsson, sem með styrk frá stjórnarráðinu og af jafnaðarsjóði norður- og austur-umdæmisins hefir stundað dýralækningafræði við dýralækna- og landbúnaðarskólann í Kaupmannahöfn og tekið dýralæknaþróf þar í vetur, hefir sent hingað bænarskrá, og sókt um að verða sendur til suðurumdæmisins, til þess að rannsaka fjársýki þá, er þar gekk yfir í fyrra, eða, ef ekki þætti vera nauðsyn til þess, að sèr verði veittur styrkur til þess að fara heim til Íslands og bjóða sig fram við stiptamtmann.

Útaf þessu skal yður, herra stiptamtmaður, til vitundar gefið, að stjórnarráðið hefir í dag skrifað sækjandanum, eins og sjá má af eptirriti því, sem með fylgir, og sendir yður jafnframt eptirrit af vitnisburði þeim, er yfirdýralæknir, etazráð Tscherning, hefir gefið honum, en verður að öllu leyti að láta það vera á sjálfs yðar valdi, hvort yður þykir vera nauðsyn til að hafa not af kunnáttu dýralæknisins.

30. Lög um fjarveiting til bráðabirgða á fjarhagsárinu 1870—71.

29. marz.

Vèr Kristján hinn Niundi, o. s. frv. Gjörum kunnugt: Ríkisþingið hefir fallizt á lög þessi og Vèr staðfest þau með samþykki voru:

¹) Sjá næsta bréf.